



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudagur 16. apríl 2019 á Kjóavöllum.

9. fundur

Fundur hófst kl. 17:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Auður Stefánsdóttir, Ólafur Karl Eyjólfsson, Magnús Benediktsson og Sverrir Einarsson.

Margrét Tómasdóttir, Kristján Ríkharðsson, Lárus Finnbogason boðuðu forföll.

Á þessum 9. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Halldór Halldórsson frá reiðveganefnd kom á fund vegna reiðleiðar um Urriðaholt sem er sundurgrafin vegna framkvæmda þar. Reiðvegurinn er á forsjá Vegagerðarinnar. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa auglýst í fréttabréfi að leiðin sé lokuð. Mikilvægt að minna enn og aftur á þessa lokun vegarins vegna Skírdagsreiðar sem er framundan. Mikil slyshætta er af þessum vegi eins og staðan er núna.
3. Öryggisnefnd hefur verið sett á laggirnar til að tryggja enn betur öryggi félagsmanna. Sett verður upp aðgerðarplan á næstu vikum og verkefnum forgagnsraðað.
4. Viðræður milli Sprettis og sveitarfélaganna vegna Landsmóts 2022 eru í burðaliðum. Verið er að setja upp minnisblað með því sem þarf að huga að fyrir Landsmót.
5. Ákveðið hefur verið að fella niður Dymbilvikusýningu Sprettis, sem halda átti miðvikudagskvöldið 17. apríl 2019, vegna forfalla manna og veikinda hrossa.

Fundi slitið kl. 18:15

Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir